

Platinum Nova hf.

Ársreikningur samstæðu 2021

Ársreikningur þessi er þýðing á upphaflegri útgáfu sem er á ensku. Ef um er að ræða einhver frávik milli ensku útgáfunnar og þessarar íslensku útgáfu, gildir upphaflega enska útgáfan.

Efnisyfirlit**bls.**

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	2 - 3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 7
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	8
Efnahagsreikningur	9 - 10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Eiginfjáryfirlit	12
Skýringar	13 - 27
Öendurskoðaðar upplýsingar	
Ófjárhagslegar upplýsingar	28 - 30

Platinum Nova hf.
Kt. 531205-0810
Lágmúli 9, 108 Reykjavík

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Platinum Nova hf er móðurfélag Nova hf. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Platínium Nova hf. („félagsins“) og dótturfélags þess Nova hf. Vísað er til ofangreindra félaga í heild sem samstæðunnar.

Samkvæmt rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu námu tekjur samtæðunnar fyrir árið 2021 samtals 12.982 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir, skatta og fjármagnsliði (EBITDA) nam 3.919,2 mkr. og hagnaður ársins nam 1.450,7 mkr. Eigið fé í árslok nam 5.048,2 mkr. samkvæmt efnahagsreikning samtæðunnar og eiginfjárlutfall var 20,8%. Vísað er til eiginfjárfirlits varðandi breytingar á eigin fé á árinu.

Áhrif Covid-10 heimsfaraldursins á daglegan rekstur og fjárhagsafkomu samtæðunnar er takmörkuð í samræmi við fyrra ár. Samstæðunni hefur tekist að halda uppi reglulegri starfsemi sinni og veitt viðskiptavinum sínum fulla þjónustu á þessu tímabili. Samstæðan sótti ekki um og voru ekki veittir neindir opinberir styrki né nýtti það sértækar opinberar aðgerðir í

Þann 14. desember kláraði samstæðan sölu á hluta af óvirkum innviðum sínum til DigitalBridge Inc. Söluandvirði nam 5.285,5 mkr. Samhliða undirritaði samstæðan langtíma leigusamning til að tryggja staðsetningar fyrir fjarskiptakerfið sitt. Enginn virkur búnaður var seldur. Sjá skýringu 25.

Þann 16. desember hækkaði félagið hlutafé sitt um 557 mkr. vegna nýtingu lykilstarfsmanna á kaupréttum. Sjá nánar í eiginfjárfirliti og skýringu 24.

Þann 17. desember lækkaði félagið hlutafé sitt um 5.678 mkr. með greiðslu upp á 6.200 mkr. til hluthafa sinna. Útgefið hlutafé í lok árs nemur 3.132 m.kr.. Sjá nánar í eiginfjárfirliti og skýringu 19.

Stjórn leggur til að rekstrariðurstæða ársins 2021 verði flutt til næsta árs og ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2022.

Meðalfjöldi starfsmanna voru 147 á árinu 2021 samanborið við 150 á árinu 2020. Kynjaskiptingin var 63% karlkyns og 37% kvenkyns. Stjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum, tveimur konum og þremur körlum. Framkvæmdastjórn félagsins er skipuð fimm einstaklingum, tveimur konum og þremur körlum.

Í lok árs voru ellefu hluthafar sem áttu í félaginu í samanburði við tvo í upphafi ársins. Hluthafar félagsins eru eftirfarandi:

	Í árslok 2021	Í árslok 2020
Nova Acquisition Holding ehf.....	86,42%	44,5%
Nova Acquisition (Iceland) LLC.....	2,58%	5,5%
M&M Partners ehf.....	3,27%	0,0%
2020 ehf.....	1,64%	0,0%
Háihamar ehf.....	1,23%	0,0%
Sidus ehf.....	1,23%	0,0%
Sprengistjarna ehf.....	1,23%	0,0%
Margrét B. Tryggvadóttir.....	1,00%	0,0%
77 Partners ehf.....	0,94%	0,0%
Jörfavík ehf.....	0,23%	0,0%
KP fjárfestingar ehf.....	0,23%	0,0%
Novator Nova ehf.....	0,00%	50,0%
	<hr/> 100,00%	<hr/> 100,00%

Fjármálagerningar

Stjórn og forstjóri félagsins vekja athygli á skýringu 23 í þessum ársreikningi fyrir upplýsingar um fjármálagerninga

Engar sérstakar viðbótaráhættur tengjast rekstri fyrir utan venjubundna rekstraráhættu í geiranum.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagstöðu félagsins.

Ófjárhagslegar upplýsingar

Upplýsingar er varða félagsmál, umhverfismál og stjórnarhætti eru birtar sem viðauki með þessum ársreikningi.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra (frh.)

Rekstraráhætta

Á Alþingi er til umræðu frumvarp til fjarskiptalaga þar sem Innviðaráðherra er gefið vald til að ákveða að búnaður í fjarskiptaneti sem er skilgreindur viðkvæmur með tilliti til almannaheilla eða almannavarna skulu að hluta eða heild koma frá framleiðendum í löndum sem Ísland er í öryggissamstarfi við og/eða eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Eftir því hvernig frumvarpið verður endanlega samþykkt og innleitt getur haft áhrif á rekstur fjarskiptanets Nova. Í öðrum löndum sem slík frumvörp hafa verið samþykkt hafa stjórnvöld venjulega verið ábyrg fyrir kostnaði við að byggja upp nýtt fjarskiptanet frá öðrum birgja eða félögum hefur verið veittur einhver frestur til að skipta út búnaði þegar þess þarf frá nýjum birgja. Frumvarpið tilgreinir ekki hvað stjórnvöld gætu gert varðandi þetta. Frumvarpið inniheldur einnig almenna heimild til Fjarskiptastofu til að setja stjórnsýslusekt á fyrirtæki upp á allt að 4% af veltu, ef stjórnvöld telja að fyrirtæki hafi brotið lög um birgja undir 103 gr. frumvarpsins.

Verði nýja frumvarpið að lögum má einnig gera ráð fyrir að íslensk fjarskiptalög verði túlkuð og þeim beitt með hliðsjón af löggjöf, leiðbeiningum og réttarfrankvæmd EB, sbr. t.d. EU toolbox og cybersecurity.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Ársreikningurinn fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samkvæmt okkar bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingum á handbæru fé á árinu 2021. Einnig er það okkar skoðun að samstæðuársreikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra innihaldi greinagott yfirlit á þróun og niðurstöðu samstæðunnar, stöðu hennar og sýni aðaláhættuþætti og óvissuþætti samstæðunnar.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2021 með undirritun sinni.

Reykjavík, 29. mars 2022

Stjórn:

Hugh Short
Stjórnarformaður

Gísli Valur Guðjónsson
Stjórnameðlimur

Hrund Rudolfsdóttir
Stjórnameðlimur

Kevin Payne
Stjórnameðlimur

Tina Pidgeon
Stjórnameðlimur

Margrét Tryggvadóttir
Forstjóri

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Platínium Nova hf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Platínium Nova hf. og dótturfélaga (samstæðan) fyrir árið 2021, að undanskilinni skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2021, efnahag hennar 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga.

Álit okkar er í samræmi við skýrslu okkar til endurskoðunarnefndar/stjórnar.

Samstæðuársreikningurinn innifelur

- Skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra.
 - Rekstrarreikning og yfirlit yfir aðra heildarafkomu fyrir árið 2021.
 - Efnahagsreikning þann 31. desember 2021.
 - Yfirlit yfir eigið fé fyrir árið 2021.
 - Yfirlit yfir sjóðstreymi fyrir árið 2021.
 - Skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.
- Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda.

Óháði

Við erum óháð samstæðunni samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar. Við uppfylfum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Samkvæmt okkar bestu vissu, lýsum við yfir að önnur þjónusta sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar er í samræmi við ákvæði íslenskra laga og reglna og að við höfum ekki veitt þjónustu sem óheimilt er að veita samkvæmt ákvæðum 5.1. gr. Evrópureglugerðar nr. 537/2014.

Gerð er grein fyrir annarri þjónustu sem við höfum veitt samstæðunni og félögum innan hennar á árinu 2021 í skýringu 22.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Áritun óháðs endurskoðanda (frh.)

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði sem að okkar faglega mati höfðu mesta þýðingu í endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar árið 2021. Sem hluti af endurskoðun okkar á samstæðuársreikningnum voru þessi lykilatriði skoðuð sérstaklega. Við látum ekki í ljós sérstakt álit varðandi þessi lykilatriði, einungis er látið í ljós álit á samstæðuársreikningnum í heild.

Lykilatriði endurskoðunarinnar

Rekstrartekjur:

Rekstrartekjur námu samtals um kr. 12 milljörðum.

Við lögðum áherslu á þennan lið þar sem færsla tekna er flókin vegna magns færslna og ólíkra tekjustrauma og um er að ræða stærsta einstaka lið reikningskilanna.

Einnig þurfa mörg ólík kerfi að tengjast saman til að tekjurnar bókist rétt, allt frá mælingu notkunar og gerð reikninga til bókunar í fjárhagskerfið.

Við vísam í skýringar 1.5 og 2 sem fjalla um tekjur í ársreikningi samstæðunnar.

Endurskoðunaraðgerðir

Endurskoðunaraðgerðir voru m.a.:

- Beitt var gagnaskoðun með skoðun á sölureikningum og þeir raktir í samsvarandi greiðslur.

- Viðskiptakröfur voru staðfestar með yfirferð yfir greiðslur þeirra eftir áramót.

-Farið var yfir upplýsingakerfi samstæðunnar með yfirferð yfir flæði gagna á milli ólíkra kerfa.

-Kannað var innra eftirlit þar sem samstæðan yfirfer breytingar á fjárhæðum tekjustrauma á milli mánaða.

-Notkunar- og gagnamælingar samstæðunnar voru prófaðar með ítarlegri skoðun.

-Sérstakt próf var framkvæmt á tekjum sem ekki eiga uppruna sinn sölukerfum samstæðunnar.

-Farið hefur verið yfir viðeigandi skýringar

Sala á óvirkum fjarskiptabúnaði:

Í desember 2021 seldi samstæðan óvirkan fjarskiptabúnað fyrir samtals kr. 5.285 milljarða gegn þeim skilmála að endurleigja eignirnar aftur til næstu 40 ára.

Reikningshaldsleg áhrif samningsins eru flókin og fjárhagsleg áhrif veruleg á bæði rekstrarreikning og efnahagsreikning samstæðunnar.

Við vísam í skýringu 23 sem fjallar nánar um þessi viðskipti.

Endurskoðunaraðgerðir voru m.a.:

-Farið var ítarlega yfir reikningshaldslega meðferð viðeigandi samninga með alþjóðlega reikningskilastaða til hliðsjónar.

-Áhrif leigueigna, leiguskuldbindingar og annarra skulda sem urðu til við kaupin voru skoðuð ítarlega ásamt útreiknuðum söluhagnaði í rekstrarreikningi. Forsendur stjórnenda í tengslum við reikningshaldslega meðferð voru metnar með aðstoð sérfræðinga PwC.

- Skattaleg áhrif viðskiptanna voru yfirfarin.

-Farið var yfir viðeigandi skýringar.

Áritun óháðs endurskoðanda (frh.)

Mat viðskiptavildar:

Viðskiptavild er stærsti einstaki liður í efnahagsreikningi samstæðunnar og er bókfært verð hennar um 10 milljarðar króna.

Verðmatslíkanið er byggt á áætlðuðum framtíðarsjóðstreymi dótturfélagsins Nova hf. og er mjög háð forsendum stjórnenda.

Vegna mikilvægis viðskiptavildar fyrir reikningsskilin í heild og huglægs og flókans eðlis matslíkans hennar, var lögð sérstök áhersla á endurskoðunaraðgerðir sem snúa að mati hennar.

Vísað er til skýringa 1.8, 7 og 9 sem skýra reikningshaldslega meðferð og undirliggjandi forsendur.

Endurskoðunaraðgerðir voru m.a.:

- Matslíkan virðisrymnunarprófsins hjá samstæðunni var yfirfarið m.t.t. viðeigandi aðstæðna.

- Farið var yfir allar verulegar forsendur, m.a. væntan framtíðarvöxt, EBITDA hlutföll, væntar afskriftir og fjárfestingar í rekstrarfjármunum.

- Farið var yfir fjármagnskostnað samstæðunnar, sem felur í sér yfirferð á forsendum sem tengjast vaxtastigi og eiginfjárfjármögnun.

- Matssérfræðingar PwC aðstoðuðu endurskoðunarteymið við framkvæmd endurskoðunarvinnu í tengslum við matið.

- Farið var yfir viðeigandi skýringar.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar

Stjórn og forstjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra, sem lá fyrir við áritun okkar.

Álit okkar á samstæðuársreikningnum nær ekki til annarra upplýsinga, þ.m.t. skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi samstæðunnar ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, sem tilgreindar eru hér að ofan, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við samstæðuársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og yfirlýsingu stjórnar og forstjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í samstæðuársreikningnum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og forstjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu og viðeigandi ákvæði í lögum um ársreikninga. Stjórn og forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreikningsins ber stjórnendum samstæðunnar að meta hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning samstæðunnar á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa samstæðuna upp eða hætta rekstri hennar, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi samstæðunnar. Stjórnendum samstæðunnar ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi hennar til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda (frh.)

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á samstæðuársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir álit okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits samstæðunnar.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi samstæðunnar eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi hennar. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í samstæðuársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausum álitum. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að samstæðan verði ekki lengur rekstrarhæf.

Metum framsetningu, gerð og innihald samstæðuársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Öflum nægjanlegra endurskoðunargagna vegna fjárhagsupplýsinga félaga og eininga innan samstæðunnar og gefum út álit á samstæðuársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framgangi endurskoðunar samstæðunnar. Við berum ábyrgð á álitum okkar.

Við upplýsum stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Við höfum lýst því yfir við stjórn og endurskoðunarnefnd að við uppfyllum nauðsynleg siðferðis- og óhæðisskilyrði og við munum láta þeim í té allar upplýsingar um hugsanleg tengsl og önnur atriði sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og trúnað.

Við höfum lagt mat á hvaða atriði, af þeim atriðum sem við höfum upplýst stjórn og endurskoðunarnefnd um, höfðu mesta þýðingu á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við lýsum þessum lykilatriðum í áritun okkar nema lög og reglur leyfi ekki að upplýst sé opinberlega um tiltekin atriði eða í algjörum undantekningartilfellum þegar mat okkar er að neikvæðar afleiðingar af birtingu slíkra upplýsinga vegi þyngra en ávinningur almennings af birtingu upplýsinganna.

Önnur atriði samkvæmt ákvæðum laga og reglna

Kosning endurskoðanda

Við vorum kosin endurskoðendur á aðalfundi félagsins á árinu 2019. Kosning okkar hefur verið endurnýjuð árlega á aðalfundi félagsins og höfum við því verið endurskoðendur félagsins samfellt í 3 ár.

Reykjavík, 29. mars 2022.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Vignir Rafn Gíslason
lögiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrartekjur			
Sala	2	11.970.622	11.169.719
Aðrar rekstrartekjur		112.271	136.618
Söluhagnaður óvirkra fjarskiptainnviða	25	899.546	0
		<u>12.982.439</u>	<u>11.306.337</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		6.634.632	6.345.100
Laun og launatengd gjöld	3	1.727.863	1.572.026
Annar kostnaður		700.714	625.536
		<u>9.063.210</u>	<u>8.542.662</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir EBITDA		3.919.229	2.763.675
Afskriftir	4	(1.969.276)	(1.875.841)
Rekstrarhagnaður		1.949.953	887.834
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		42.483	50.696
Breyting annarra skulda	17	(11.976)	56.484
Vaxtagjöld	5	(476.830)	(491.566)
Gengismunur		545	(22.726)
		<u>(445.778)</u>	<u>(407.112)</u>
Söluhagnaður hlutdeildarfélags	20	250.331	0
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.754.506	480.722
Tekjuskattur	6,18	(303.810)	(94.354)
Hagnaður ársins og heildarafkoma		<u>1.450.696</u>	<u>386.368</u>
Skipting hagnaðar			
Hluti hluthafa móðurfélagsins		1.450.696	386.368
Hluti minnihluta		0	0
Hagnaður ársins og heildarafkoma		<u>1.450.696</u>	<u>386.368</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

Eignir	Skýringar	2021	2020
Fastafjármunir			
Viðskiptavild	7,9	10.048.985	10.048.985
Óefnislegar eignir	9	1.827.904	2.173.345
Rekstrarfjármunir	8	3.359.218	3.400.631
Leigueignir	10	3.268.717	1.159.394
Aðrar fjáreignir	20	2.596	2.596
Tekjuskattsinneign	18	403.698	0
		<u>18.911.118</u>	<u>16.784.951</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	13	389.434	398.258
Kröfur á tengda aðila	21	0	72
Viðskiptakröfur	14	1.044.223	1.155.830
Aðrar skammtímakröfur	25	1.689.882	175.783
Lán til tengdra aðila	21	0	99.353
Handbært fé	15	2.178.878	195.461
		<u>5.302.417</u>	<u>2.024.757</u>
Eignir samtals		<u>24.213.535</u>	<u>18.809.708</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýringar	2021	2020
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé			
Hlutafé	19	3.132.346	8.253.594
Varasjóðir	19	1.162.376	114.909
Óráðstafað eigið fé	16	<u>753.438</u>	<u>698.782</u>
		5.048.160	9.067.285
Langtímaskuldir			
Langtímaskuldir	16	6.737.880	5.721.800
Tekjuskattskuldbinding	18	0	579.857
Leiguskuldbindingar	10	5.223.124	1.121.073
Aðrar skuldir	11	<u>2.498.859</u>	<u>0</u>
		14.459.863	7.422.730
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímaskulda	16	346.720	399.195
Viðskiptaskuldir		765.170	659.787
Ógreiddir skattar	18	1.288.162	158.454
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga og annarra kulda	10,11	169.267	117.999
Aðrar skammtímaskuldir	25	2.073.564	819.665
Aðrar skuldir	17	0	101.788
Fyrirframminnheimtar tekjur		<u>62.629</u>	<u>62.805</u>
		4.705.512	2.319.693
Skuldir samtals		19.165.375	9.742.423
Eigið fé og skuldir samtals		<u>24.213.535</u>	<u>18.809.708</u>
Aðrar upplýsingar	12, 22, 23, 24, 25		

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2021

	Skýringar	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		1.450.696	386.368
Rekstrarliðir án greiðsluáhrifa:			
Afskriftir	4	1.969.276	1.875.841
Tekjuskattur	6,18	303.810	94.354
(Söluhagnaður) sölutap rekstrarfjármuna		0	(3.108)
Söluhagnaður fjarskiptainnviða		(899.546)	0
Áhrif kaupréttarsamninga	3,24	173.303	18.338
Hreinar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		445.778	407.112
		<u>3.443.317</u>	<u>2.778.905</u>
Breytingar rekstrartengda eigna og skulda:			
Birgðir, lækkun (hækkun)		8.824	(23.738)
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur, lækkun (hækkun)		(135.714)	(12.565)
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir, (lækkun) hækkun		196.452	130.128
		<u>69.562</u>	<u>93.825</u>
Innheimtar vaxatekjur		35.666	44.469
Greidd vaxtagjöld		(533.449)	(454.141)
Greiddir skattar		(159.362)	(188.654)
		<u>2.855.734</u>	<u>2.274.404</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir rekstrarfjármunir	8	(1.184.817)	(1.261.876)
Keyptar óefnislegar eignir	9	(247.566)	(265.549)
Seldir rekstrarfjármunir		5.408.323	4.032
Fjárfesting í dótturfélagi, að frádregnu yfirteknu handbæru fé	17	(118.977)	(95.000)
Lán til tengdra aðila, breyting		0	6.434
		<u>3.856.963</u>	<u>(1.611.959)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Lækkun hlutafjár	19	(5.643.125)	0
Afborganir leiguskulda	10	(115.960)	(114.510)
Langtímalán, viðbót		7.210.857	0
Langtímalán, afborganir		(6.182.590)	(532.379)
		<u>(4.730.818)</u>	<u>(646.889)</u>
Hækkun á handbæru fé		1.981.879	15.556
Gengisbreytingar af handbæru fé		1.538	2.412
Handbært fé í ársbyrjun		195.461	177.493
Handbært fé í árslok	15	<u>2.178.878</u>	<u>195.461</u>

Eiginfjáryfirlit ársins 2021

	Hlutafé	Varasjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2020	8.253.594	59.282	349.703	8.662.579
Hagnaður ársins og heildarafkoma.....			386.368	386.368
Lagt í lögbundinn varasjóð.....		38.637	(38.637)	0
Færsla eignahlutatengdra greiðslna.....		18.338		18.338
Ónýttir kaupréttarsamningar.....		(1.348)	1.348	0
Staða 31. desember 2020	8.253.594	114.909	698.782	9.067.285
Staða 1. janúar 2021	8.253.594	114.909	698.782	9.067.285
Hagnaður ársins og heildarafkoma.....			1.450.696	1.450.696
Hluti í afk. dótturf. umfram mótttekinn arð.....		957.500	(957.500)	0
Lagt í lögbundinn varasjóð.....		145.070	(145.070)	0
Færsla eignahlutatengdra greiðslna.....		173.304		173.304
Hækkun hlutafjár.....	556.875			556.875
Lækkun hlutafjár.....	(5.678.123)		(521.877)	(6.200.000)
Nýttir kaupréttarsamningar.....		(228.407)	228.407	0
Staða 31. desember 2021	3.132.345	1.162.376	753.438	5.048.160

Sjá skýringu 19 með frekari upplýsingum.

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1.1 Félagið

Platinum Nova hf. („félagið“) er hlutafélag með aðsetur að Lágmúla 9 í Reykjavík.

Meginstarfsemi félagsins er rekstur fjarskiptaþjónustu og skyld starfsemi.

Ársreikningur samstæðunnar hefur að geyma ársreikning Platinum Nova hf. og dótturfélagsins Nova hf.

1.2 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Samstæðuársreikningar fyrri tímabila, þar með talinn ársreikningur ársins 2017, voru gerðir í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 (ÁRL). Ársreikningur samstæðunnar er gerður á grundvelli kostnaðarverðs að undanskildum eignarhluta tengdum greiðslum en þær eru færðar á gangvirði í samræmi við IFRS2 og leigueigna og leiguskiptbindinga sem eru metnar á núvirði framtíðargreiðslna í samræmi við IFRS 16. Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru námundaðar að næsta þúsundi nema

1.3 Erlendir gjaldmiðlar

Við gerð reikningsskila einstakra félaga eru viðskipti í öðrum gjaldmiðli en starfrækslugjaldmiðli viðkomandi félags (erlendir gjaldmiðlar) færð í starfrækslugjaldmiðil á gengi viðskiptadags. Á hverjum reikningsskiladegi eru peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðli umreiknaðar á gengi þess dags. Ópeningalegir liðir sem færðir eru á gangvirði og tilgreindir í erlendri mynt eru umreiknaðar á gengi þess dags sem gangvirði þeirra var ákvarðað. Ópeningalegir liðir sem færðir eru á kostnaðarverði í erlendum gjaldmiðli eru ekki umreiknaðir á ný. Gengismunur er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

1.4 IFRS 16 leigusamningar

Samstæðan færir leigueignir og -skuldir í samræmi við IFRS 16 fyrir leigusamninga. Samstæðan færir leigueignir og -skuldir fyrir leigusamninga sem tengjast skrifstofuhúsnæði, bifreiðum og aðstöðuleigusamningum um fjarskiptabúnað. Leigueignir og -skuldir eru aðgreindar í efnahagsreikningi félagsins. Leigueignir og -skuldir eru upphaflega færðar til bókar á upphafsdegi samnings, sem núvirði ógreiddra leigugreiðslna, að teknu tilliti til beins kostnaðar við öflun leigueignarinnar og áætlaðs kostnaðar við að taka niður og fjarlægja eignina að loknum leigusamningi og að frádregnum leiguívilnunum sem félagið hefur fengið.

1.5 Innlausn tekna

(i) Fjarskipti

Tekjur samanstanda í meginatriðum af farsíma- og netþjónustu.

Áskriftartekjur eru tekjufærðar á viðkomandi áskriftartímabili en tekjur vegna notkunar eru færðar á því tímabili sem notkun á sér stað. Rekstrartekjur eru færðar í samræmi við þá áskriftarsamninga sem til staðar eru og afslættir tengdir veltu og/eða notkun færðir til lækkunar á tekjum innan hvers áskriftartímabils.

(ii) Vörusala

Tekjur af vörusölu eru færðar þegar yfirráð vöru hefur flust til kaupanda, en það er þegar viðskiptavinur hefur móttengið vöruna og engar óuppfylltar skuldbindingar eru til staðar sem gætu haft áhrif á hvort viðskiptavinur samþykkir vöruna.

1.6 Greiðsluskilmálar, skilaréttur og ábyrgðir

Greiðsluskilmálar

Vörusala og fyrirframgreitt gagnamagn koma til greiðslu við afhendingu á vörunni. Áskriftarþjónusta kemur til greiðslu á eindaga viðeigandi útgefins reiknings.

Ábyrgðaskilmálar

Ábyrgðarskilmálar gilda fyrir seld tæki og búnað. Ábyrgð seljanda gildir í 24 mánuði frá kaupdegi. Ábyrgð tekur til galla og bilana sem fram kunna að koma í tækinu á tilgreindum ábyrgðartíma. Byggt á mati fyrri ára eru engar varúðarfærslur færðar í rekstrarreikning vegna ábyrgða.

Viðskiptaskilmálar

Almennir viðskiptaskilmálar gilda fyrir seld tæki og búnað. Hið selda er eign seljanda þar til tækið hefur verið greitt að fullu. Raðgreiðslusamningar, reikningsviðskipti eða önnur lánaform afnema ekki eignarétt seljanda fyrr en full greiðsla hefur borist. Sé kaupsamningi rift verður sú símnotkun (afsláttur í áskrift/inneign í frelsi) sem viðskiptavinur hefur fengið, reiknaður inn í uppgjörið. Skil á keyptum tækjum eru aðeins möguleg ef tækið er enn í upprunalegum umbúðum og í upprunalegu ástandi.

Skýringar

1.7 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

Vaxtatekjur eru færðar yfir tímabilið sem þær myndast, með hliðsjón af útistandandi höfuðstól og viðeigandi vöxtum.

Allur fjármagnskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til, að undanskildum eignfærðum lántökukostnaði. Eignfærð lántökukostnaður er færður undir bókfærðu virði skuldar.

1.8 Viðskiptavild

Viðskiptavild sem myndast við yfirtöku rekstrar er færð á kostnaðarverði eins og það er ákvarðað á yfirtökudegi að frádreginni virðisrýrnun ef við á. Við virðispróf er viðskiptavild deilt út á þær fjárskapandi einingar samstæðunnar (eða hóp fjárskapandi eininga) sem vænst er að njóti ávinnings af samlegðaráhrifum yfirtökunnar.

Fjárskapandi eining sem innifelur viðskiptavild er virðisprófuð árlega, eða oftar ef vísbendingar eru til staðar um að einingin kunni að vera virðisrýrð. Virðisrýrnun er færð ef endurheimtanlegt virði fjárskapandi einingarinnar er lægra en bókfært verð.

1.9 Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fjarskiptabúnaður	2-7 ár
Áhöld og tæki	3-10 ár
Bifreiðar	5 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og leiðrétt ef við á.

1.10 Óefnislegar eignir (aðrar en viðskiptavild)

Óefnislegar eignir eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma fyrir utan að viðskiptasambönd eru afskrifuð miðað við metið meðaltal eftirstæðrar hlutdeildar vegna núverandi viðskiptavina. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Fjarskiptaleyfi	10 ár
Vörumerki	20 ár
Viðskiptatengsl	10 ár
Aðrar óefnislegar eignir	2 - 5 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og leiðrétt ef við á.

1.11 Samrekstur

Samrekstur er gagnkvæmt fyrirkomulag þar sem tveir eða fleiri aðilar hafa sameiginlega stjórn bundnir af samning. Samrekstur er hægt að flokka sem sameiginlegt verkefni eða sameiginlega rekstur.

Samstæðan er í samrekstri með Sýn hf. sem flokkað er sem sameiginlegur rekstur. Sameiginlegi reksturinn snýr að Sendafélaginu ehf. þar sem hvort aðili á 50% hluta. Samstæðan færir eignir sem það á ásamt kostnaði og skuldum sem til falla, sem og sinn hlut í rekstrarhagnaði, í ársreikning sinn samkvæmt viðeigandi IFRS staðli.

1.12 Frestaður tekjuskattur

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar.

Útreikningur tekjuskattsinneignar byggist á yfirfæranlegu tapi og frádráttarbærum tímabundnum mismunum, að því marki sem talið sé líklegt að hún nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði í framtíðinni. Tekjuskattsinneign er endurmetin á hverjum reikningsskiladegi og lækkuð að því marki sem ekki er lengur talið líklegt að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

Útreikningur á frestuðum skatti byggir á því skattlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundnir mismunir koma til með að snúast við, miðað við gildandi lög á reikningsskiladegi.

Skýringar

1.13 Birgðir

Birgðir eru færðar á kostnaðarverði sem byggir á „fyrst inn- fyrst út“ reglunni við birgðamat og tekur til kostnaðar við kaup birgðanna og við að koma þeim á núverandi stað og í núverandi ástand. Birgðir í árslok samanstanda af notendabúnaði til sölu. Tekið er tillit til úreltra og gallaðra vara með viðunandi hætti og nam heildarniðurfærsla vegna þess 24,2 mkr. í árslok (2020: 26,6 mkr.).

1.14 Samstæðureikningsskil

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Dótturfélög eru að fullu hluti samstæðunnar frá þeim degi þegar yfiráð eru færð yfir til samstæðunnar. Þau eru tekin út úr samstæðunni frá þeim degi þegar yfiráðum lýkur.

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og áætlaður óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

Hlutdeildarfélög eru öll félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif en yfiráð eða sameiginlega stjórn. Yfirleitt er þetta tilfellið þar sem samstæðan hefur 20% - 50% atkvæðisréttar. Fjárfesting í hlutdeildarfélögum er færð með hlutdeildaraðferð, eftir að hafa upphaflega verið færð á kostnaðarverði.

1.15 Fjármálagerningar

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar í efnahagsreikning félagsins þegar það verður aðili að samningsbundnum skilmálum gerningsins.

Fjáreignir og fjárskuldir eru færðar á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Við upphaflega skráningu er viðskiptakostnaði sem beintengdur er kaupum eða útgáfu fjáreigna og fjárskulda (fyrir utan fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur) bætt við eða hann dreginn frá gangvirði fjáreignarinnar eða fjárskuldarinnar, eftir því sem við á. Viðskiptakostnaður sem er beintengdur fjáreignum eða fjárskuldum sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstur er strax færður í rekstrarreikning.

(i) Flokkun fjáreigna

Skuldagerningar félagsins eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði því þeim er haldið í viðskiptalíkani sem hefur það að markmiði að innheimta samningsbundið greiðsluflæði og samkvæmt samningsskilmálum samanstendur greiðsluflæði af fjáreigninni eingöngu af vöxtum og afborgunum af útistandandi höfuðstól á tilgreindum dagsetningum. Aðrar fjáreignir eru færðar á gangvirði gegnum rekstur eftir upphaflega skráningu í bókhald.

(ii) Virðisrýrnun fjáreigna

Niðurfærsla er færð vegna viðskiptakrafna og annarra krafna til að mæta þeirri lánsáhættu sem þessir gerningar bera. Niðurfærslan felur ekki í sér endanlega afskrift en er dregin frá bókfærðu verði viðkomandi efnahagsliðar. Nánari upplýsingar um niðurfærslu viðskiptakrafna er að finna í skýringu 14.

(iii) Fjárskuldir

Fjárskuldir, þar á meðal langtímalán, eru upphaflega færðar á gangvirði að frádregnum beinum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru fjárskuldir færðar á afskrifuðu kostnaðarverði í samræmi við aðferð virkra vaxta.

1.16 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé innifelur reiðufé, inneignir í bönkum og aðrar skammtímafjárfestingar sem auðvelt er að skipta í reiðufé og eru með binditíma allt að þrem mánuðum. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

Skýringar

2. Tekjur af samningum við viðskiptavinum

Megin tekjustraumar félagsins eru þrjár: Farsímaþjónusta, netþjónusta og vörusala.

Farsímaþjónusta:	Tekjur af farsímaþjónustu. Þar á meðal áskriftar- og fyrirframgreiddar tekjur af gagnanotkun gegnum farsíma. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur. Tekjufært yfir viðeigandi áskriftartímabil eða á því tímabili sem notkun á sér stað.
Netþjónusta:	Tekjur af netþjónustu. Þar á meðal áskriftar- og fyrirframgreiddar tekjur fyrir ljósleiðara og aðra netþjónustu. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur. Tekjufært yfir viðeigandi áskriftartímabil eða á því tímabili sem
Vörusala:	Tekjur af sölu á símtækjum, beinum, aukahlutum og öðrum búnaði. Tekjufærðar á þeim tímavörum þegar yfirráð af vöru færast yfir til viðskiptavinar.

	Farsími	Netþjónusta	Vörusala	Samtals
2020				
Á tímavörum 0	0	0	2.638.412	2.638.412
Yfir tímabil 5.759.211	5.759.211	3.572.998	0	9.332.210
Tekjur samtals 5.759.211	5.759.211	3.572.998	2.638.412	11.970.622

	Farsími	Netþjónusta	Vörusala	Samtals
2021				
Á tímavörum 0	0	0	2.705.260	2.705.260
Yfir tímabil 5.400.065	5.400.065	3.064.394	0	8.464.459
Tekjur samtals 5.400.065	5.400.065	3.064.394	2.705.260	11.169.719

3. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun.....	1.460.589	1.440.649
Lífeyrisiðgjöld.....	194.588	189.535
Áfallið orlof, hækkun (lækkun).....	2.750	13.850
Kostnaður vegna kaupvéttarsamninga (sjá skýringu 23).....	173.303	18.338
Eignfærð laun.....	(252.000)	(252.000)
Önnur launatengd gjöld.....	148.633	161.653
Laun og launatengd gjöld samtals.....	1.727.863	1.572.026
Meðalfjöldi starfsmanna.....	147	150

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra voru kr. 57,6 milljónir á árinu 2021 (2020: 55,8 milljónir). Á árinu 2021 nýttu lykilstarfsmenn sér kaupvétt á hlutabréfum í móðurfélaginu. Sjá skýringu 24.

Eignfærður launakostnaður að upphæð 252 mkr. skiptist á rekstrarfjármuni og óefnislegar eignir og er innifalinn í viðbótum á árinu. (2020: 252 mkr.) Sjá skýringar 8 og 9.

4. Afskriftir

Afskriftir greinast þannig:	2021	2020
Afskriftir rekstrarfjármuna (skýring 8).....	1.226.230	1.220.270
Afskriftir óefnislegra eigna (skýring 9).....	593.007	506.047
Afskriftir nýtingaréttar (skýring 10).....	150.038	149.523
	1.969.276	1.875.841

5. Vaxtagjöld

Vaxtagjöld greinast þannig:	2021	2020
Vaxtagjöld leiguskuldbindinga (skýring 10).....	121.646	108.577
Vaxtagjöld vegna yfirtöku (skýring 17).....	5.213	9.095
Vaxtagjöld vegna langtímaskulda.....	348.965	370.697
Önnur vaxtagjöld.....	1.006	3.198
	476.830	491.566

Skýringar

6. Tekjuskattur

Afstemming á virku tekjuskattlutfalli:	2021		2020	
	Fjárhæð	%	Fjárhæð	%
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.754.506		480.722	
Tekjuskattur miðað við 20%	(350.901)	20%	(96.144)	20%
Aðrir liðir	47.095	-3%	1.790	0%
Gjaldfærður tekjuskattur	(303.810)		(94.354)	

7. Viðskiptavild

Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar var framkvæmt í lok ársins.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Tekið er tillit til skilgreiningar á hinni fjárskapandi einingu sem viðskiptavildinni fylgir við mat á virðisrýmun hennar og undirliggjandi fastafjármuna og veltufjármuna. Útreikningar byggja á áætluðu fjárstreymi fyrir næstu 5 ár, ásamt eilífðarvirði út frá þeim tíma. Gert er ráð fyrir 2,5% nafnverðsvexti á fjárfleði í eilífðarvexti, sem er sama og verðbólguþáttur Seðlabanka Íslands.

Nýtingarvirði var byggt á eftirfarandi lykilforsendum

Langtímavöxtur.....	2,5%
Tekjuvöxtur, vegið meðaltal (CAGR '22-'26).....	7,1%
Áætlaður EBITDA vöxtur (CAGR '22-'26).....	25,0%
Veginn fjármagnskostnaður (WACC).....	9,4%
Skuldsetning.....	50,0%
Skuldavextir.....	6,8%

Að mati stjórnenda munu raunhæfar breytingar, á þeim lykilforsendum sem endurheimtanlegt virði byggir á, ekki leiða til þess að bókfært verð viðskiptavildar, líkt og það er tilgreint í ársreikningnum, sé hærra en endurheimtanlegt virði.

8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Fjárskipta- búnaður	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Cost				
Heildarverð 1.1.2020	7.793.083	1.687.335	27.848	9.508.266
Viðbætur á árinu	1.127.601	134.276	0	1.261.876
Selt á árinu	0	0	(9.240)	(9.240)
Heildarverð 31.12.2020	8.920.684	1.821.611	18.608	10.760.902
Viðbætur á árinu	1.126.232	58.585	0	1.184.817
Selt á árinu	0	0	(2.506)	(2.506)
Heildarverð 31.12.2021	10.046.916	1.880.196	16.102	11.943.213
Afskriftir				
Afskrifað samtals 1.1.2020	4.724.714	1.420.331	3.271	6.148.317
Afskrift ársins	1.045.491	174.319	460	1.220.270
Selt á árinu	0	0	(8.316)	(8.316)
Afskrifað samtals 31.12.2020	5.770.205	1.594.651	(4.585)	7.360.271
Afskrift ársins	1.091.280	134.699	251	1.226.230
Selt á árinu	0	0	(2.506)	(2.506)
Afskrifað samtals 31.12.2021	6.861.485	1.729.350	(6.840)	8.583.995
Bókfært verð				
31.12.2020	3.150.478	226.960	23.193	3.400.631
31.12.2021	3.185.430	150.846	22.942	3.359.218
Afskriftarhlutföll	10-50%	10-33%	20%	

Vátryggingarverðmæti rekstrarfjármuna var kr. 5.487 milljónir í lok ársins 2021 (2020: 4.791 milljónir).

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Fjarskipta- leyfi	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2020	10.048.985	111.716	4.065.152	14.225.853
Viðbætur á árinu	0	0	265.549	265.549
Heildarverð 31.12.2020	10.048.985	111.716	4.330.701	14.491.402
Viðbætur á árinu	0	0	247.566	247.566
Heildarverð 31.12.2021	10.048.985	111.716	4.578.267	14.738.968
Afskriftir				
Afskrifað samtals 1.1.2020	0	88.776	1.674.249	1.763.025
Afskrift ársins	0	6.838	499.209	506.047
Afskrifað samtals 31.12.2020	0	95.614	2.173.458	2.269.072
Afskrift ársins	0	6.838	586.169	593.007
Afskrifað samtals 31.12.2021	0	102.452	2.759.627	2.862.079
Bókfært verð				
31.12.2020	10.048.985	16.102	2.157.243	12.222.330
31.12.2021	10.048.985	9.264	1.818.640	11.876.889
Afskriftarhlutföll		10%	20-50%	

Sjá skýringu 7 varðandi viðskiptavildina. Aðrar óefnislegar eignir samanstanda að mestu leiti af vefsíðum, öppum og þróun þjónustu lausna. Hluti af viðbótum óefnislegra eigna er eignfærður launakostnaður (sjá skýringu 3), sem hefur fimm ára afskriftartíma.

Skýringar

10. Leigueignir og leiguskuldbindingar

Samstæðan færir leigueignir og -skuldir fyrir leigusamninga sem tengjast skrifstofuhúsnæði, bifreiðum og aðstöðuleigusamningum um fjarskiptabúnað. Leigueignir og -skuldir eru aðgreindar í efnahagsreikningi samstæðunnar. Leigueignir og -skuldir eru upphaflega færðar til bókar á upphafsdegi samnings, sem núvirði ógreiddra leigugreiðslna. Samstæðan notast við innri vaxtakjör til núvirðingar, að teknu tilliti til eðlis undirliggjandi eignar og tímalengd leigusamnings. Vegnir núvirðingarvextir eru 7,16% fyrir skrifstofuhúsnæði og bifreiðar og 6,77% fyrir aðstöðuleigusamninga um fjarskiptabúnað.

Tímalengd leigusamninga byggir á samningsbundnum réttindum, að teknu tilliti til mats stjórnenda um framlengingu þar sem slík ákvæði eru til staðar. Gjöld vegna breytilegra leigugreiðslna, leigusamninga að lágum verðmætum og skammtímaleigusamninga eru óveruleg.

Leigueignir og skuldbindingar greinast þannig:

Leigueignir	Fasteignir og bifreiðar	Virkar aðstöður	
		fjarskiptasenda	Samtals
Leigueignir 1.1.2021.....	439.790	719.604	1.159.394
Viðbætur leigueignir, virkir fjarskiptainviðir (sjá skýringu 25).....	0	2.595.386	2.595.386
Aðrar viðbætur við leigueigna.....	2.753	119.387	122.140
Aðrar breytingar.....	26.586	3.904	30.490
Afskriftir ársins.....	(97.260)	(52.777)	(150.038)
Áhrif endurmats leigusamninga.....	19.736	47.125	66.861
Lokun samninga.....	0	(555.517)	(555.517)
Leigueignir 31.12.2021.....	391.605	2.877.112	3.268.717

Leiguskuldbindingar	Fasteignir og bifreiðar	Virkar aðstöður	
		fjarskiptasenda	Samtals
Leiguskuldbindingar 1.1.2021.....	467.303	771.769	1.239.072
Viðbætur leiguskuldbindinga, virkir fjarskiptainviðir (sjá skýr. 25).....	0	4.620.926	4.620.926
Aðrar viðbætur við leiguskuldbindinga.....	2.753	119.387	122.140
Aðrar breytingar.....	26.586	3.712	30.298
Greiðslur ársins.....	(89.088)	(26.872)	(115.960)
Áhrif endurmats leiguskuldbindinga.....	19.736	47.125	66.861
Lokun samninga.....	0	(609.899)	(609.899)
Leiguskuldbindingar 31.12.2021.....	427.290	4.926.147	5.353.437

Leiguskuldbindingar greinast á eftirfarandi hátt á efnahagsreikning:	31.12.2021	31.12.2020
Langtímaskuldir.....	5.223.124	1.121.073
Skammtímaskuldir.....	130.313	117.999
	<u>5.353.437</u>	<u>1.239.072</u>

Greiðslur leiguskuldbindinga greinast á eftirfarandi hátt:	31.12.2021	31.12.2020
Til greiðslu næstu 12 mánuði, skammtímaskuldir.....	130.313	117.999
Til greiðslu árin 2023 / 2022.....	124.397	108.055
Til greiðslu árin 2024 / 2023.....	118.973	106.530
Til greiðslu árin 2025 / 2024.....	116.536	111.427
Til greiðslu árin 2026 / 2025.....	119.380	114.368
Til greiðslu árin 2027 / 2026 og síðar.....	4.743.838	680.693
	<u>5.353.437</u>	<u>1.239.072</u>

Fjárhæðir í rekstrarreikning	31.12.2021	31.12.2020
Afskriftir leigueignir (nýtingarréttur).....	150.038	149.523
Vaxtagjöld (leiguskuldbindingar).....	121.646	108.577
	<u>271.684</u>	<u>258.100</u>

Skýringar

11. Aðrar langtímaskuldir

Fjármögnunarpáttur vegna sölu óvirkra fjarskiptainviða er flokkaður sem aðrar langtímaskuldir (sjá skýringu 25). Fjármögnunarpátturinn er reiknaður sem núvirði framtíðargreiðslna fyrir turna og senda.

Aðrar langtímaskuldir koma þannig fram í ársreikningi:		2021
Núvirði árlegra greiðslna vegna aðstöðu og turna.....	2.539.585	
Greiðslur í desember 2021.....	(1.772)	
	<u>2.537.813</u>	
Aðrar langtímaskuldir greinast á eftirfarandi hátt á efnahagsreikning:		31.12.2021
Langtímaskuldir.....	2.498.859	
Skammtímaskuldir.....	<u>38.954</u>	
	2.537.813	
Greiðslur annarra langtímaskulda greinast á eftirfarandi hátt:		31.12.2021
Til greiðslu næstu 12 mánuði, skammtímaskuldir.....	38.954	
Til greiðslu árið 2023.....	39.871	
Til greiðslu árið 2024.....	40.809	
Til greiðslu árið 2025.....	41.770	
Til greiðslu árið 2026.....	42.753	
Til greiðslu árið 2027 og síðar.....	<u>2.333.656</u>	
	2.537.813	
Skammtímaskuldir leiguskuldbindinga og annarra langtímaskulda greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Leiguskuldbindingar (skýring 10).....	130.313	117.999
Aðrar langtímaskuldir.....	<u>38.954</u>	<u>0</u>
	169.267	117.999

12. Samrekstur

Sendafélagið ehf., sem flokkast sem samrekstur, var stofnað af Nova hf. og Sýn hf. í tengslum við rekstur senda vegna þráðlausra fjarskipta. Hvort félag er eigandi að 50% hlutafjár.

Hlutdeild félagsins í samrekstri er færð í reikningskilin samkvæmt línu-fyrir-línu aðferð.

13. Vörubirgðir

Vörubirgðir í árslok greinast þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Vörubirgðir.....	413.621	424.820
Varúðarniðurfærsla.....	<u>(24.187)</u>	<u>(26.562)</u>
	389.434	398.258

Skýringar

14. Viðskiptakröfur

Samstæðan færir viðskiptakröfur niður miðað við vænt útlánatap á líffíma. Vænt útlánatap á líffíma er metið útlánatap sem kemur til af öllum mögulegum vanskilaatburðum á væntum líffíma fjáreignar. Vænt útlánatap þessara fjáreigna er metið með niðurfærsluflokkum sem byggja á sögulegri tapreynslu félagsins, að teknu tilliti til sérgreindra þátta tengdum viðkomandi skuldara, almennu efnahagsástandi og mati á bæði núverandi aðstæðum á reikningsskiladegi og spá um framtíðarþróun.

Samstæðan telur eftirfarandi vera vanskilaatburði við innri stýringu útlánaáhættu þar eð söguleg reynsla bendir til að kröfur sem annaðhvort eftirfarandi skilyrða á við um séu almennt ekki endurheimtanlegar: (1) Innri eða ytri upplýsingar benda til þess að ólíklegt sé að skuldarinn greiði sínum lánaðrottnum, þar með talið félaginu, að fullu (án þess að tekið sé tillit til veðtrygginga félagsins), og (2) Þegar fjáreign er komin meira en 90 daga yfir gjalddaga, nema skynsamlegar og rökstuddar upplýsingar bendi til þess að viðeigandi sé að miða við fleiri vanskiladaga.

Í eftirfarandi töflu kemur áhættusnið viðskiptakrafna fram miðað við niðurfærsluflokka samstæðunnar.

31. desember 2021

Dagar í vanskilum	Vænt	Brúttó bókfært verð	Niðurfærsla	Bókfært verð
	útlánataps hlutfall			
Ekki gjaldfallið	0-2%	1.032.588	(24.019)	1.008.569
<30	30%	8.473	(1.651)	6.822
31-60	60%	11.356	(3.703)	7.653
61-90	60%	5.024	(1.638)	3.386
91-120	90%	30.708	(12.915)	17.793
Samtals		1.088.148	(43.925)	1.044.223

31. desember 2020

Dagar í vanskilum	Vænt	Brúttó bókfært verð	Niðurfærsla	Bókfært verð
	útlánataps hlutfall			
Ekki gjaldfallið	0-2%	1.119.983	(17.904)	1.102.079
<30	30%	14.256	(2.777)	11.479
31-60	60%	10.930	(3.564)	7.366
61-90	60%	12.605	(4.110)	8.495
91-120	90%	45.582	(19.170)	26.412
Samtals		1.203.355	(47.525)	1.155.830

15. Handbært fé og igildi þess

Handbært fé samstæðunnar samanstendur af bankainnstæðum og sjóði.

	2021	2020
Bankainnstæður í ISK	2.150.662	181.074
Bankainnstæður í EUR	27.863	13.347
Bankainnstæður í USD	19	706
Sjóður	334	334
	2.178.878	195.461

Skýringar

16. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir greinast þannig:	2021	2020
Vaxtaberandi langtímaskuldir	7.084.600	6.120.995
Næsta árs afborganir	(346.720)	(399.195)
	<u>6.737.880</u>	<u>5.721.800</u>

Afborganir af langtímaskuldum samstæðunnar í lok ársins, greinast þannig á næstu ár:	2021	2020
Til greiðslu næstu 12 mánuði, skammtímaskuldir.....	346.720	399.195
Til greiðslu árin 2023 / 2022.....	357.207	399.195
Til greiðslu árin 2024 / 2023.....	357.207	399.195
Til greiðslu árin 2025 / 2024.....	357.207	399.195
Til greiðslu árin 2026 / 2025 og síðar.....	<u>5.666.259</u>	<u>4.524.215</u>
	<u>7.084.600</u>	<u>6.120.995</u>

Lánsamningar sem voru í gildi í árslok 2021 eru háðir ákveðnum fjárhagsskilmálum. Í árslok 2021 voru engir skilmálar rofnir. Á árinu voru langtímalán félagsins endurfjármögnuð.

17. Aðrar skuldir

Greiðslum vegna hluta kaupverðs Símafélagsins ehf., sem keypt var á árinu 2017, var frestað og greidd í áföngum yfir árin 2020 - 2021. Við lok árs 2020 var mat á framtíðargreiðslum, skuld að fjárhæð 101,8 mkr. færð í reikningsskiliin. Lokagreiðslan sem háð var skilyrðum um vöxt og skilgreindar tekjur, var með gjalddaga á árinu 2021. Loka greiðslan var að fjárhæð kr. 114 milljónir. Seljandi Símafélagsins hefur óformlega gert athugasemdir við lokagreiðsluna og telur greiðsluna eiga að vera allt að kr. 250 milljónir. Stjórnendur Nova hf, telja hins vegar að lokagreiðslan í samræmi við samninga sé að fullu greidd og því hefur engin skuld eða viðbótarkostnaður verið færður í ársreikning fyrir árið 2021 vegna kaupa á Símafélaginu ehf.

Breyting skuldar vegna kaupa á Símafélaginu ehf. greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Skuld í upphafi árs	101.788	244.177
Áfallnir vextir (skýring 5)	5.213	9.095
Greiðsla	(118.977)	(95.000)
Endurmat skuldar	<u>11.976</u>	<u>(56.484)</u>
Skuld í lok árs	<u>0</u>	<u>101.788</u>

Skuld í tengslum við kaup á Símafélaginu ehf., kemur þannig fram í efnahagsreikningi í lok árs 2021:

	31.12.2021	31.12.2020
Aðrar skuldir, meðal langtímaskulda	0	0
Aðrar skuldir, meðal skammtímaskulda	<u>0</u>	<u>101.788</u>
	<u>0</u>	<u>101.788</u>
Núvirði framtíðargreiðslna vegna kaupa á Símafélaginu ehf. greinist þannig:	31.12.2021	31.12.2020
Til greiðslu á árinu 2021	<u>0</u>	<u>101.788</u>
	<u>0</u>	<u>101.788</u>

Skýringar

18. Frestuð tekjuskattsinnæign og (tekjuskattsskuldbinding)

Móðurfélagin Platínum Nova hf. og dótturfélagið Nova hf. eru samsköttuð.

	2021	2020
Tekjuskattsskuldbinding 1.1.	(579.857)	(600.865)
Viðbætur vegna samruna	0	(41.684)
Reiknaður tekjuskattur í rekstrarreikning (sjá skýringu 6)	(303.810)	(94.354)
Tekjuskattur til greiðslu	1.288.162	158.454
Aðrar breytingar	(797)	(1.408)
Tekjuskattsinnæign (-skuldbinding) 31.12.	403.698	(579.857)

Frestaður tekjuskattur grínist þannig á einstaka liði:

	2021	2020
Rekstrarfjármunir	(506.728)	(595.422)
Leigugeignir og leiguskuldbindingar	924.507	15.936
Viðskiptakröfur	(16.224)	(3.760)
Birgðir	701	1.064
Gengismunur	1.441	2.325
Tekjuskattsinnæign (-skuldbinding) samtals	403.698	(579.857)

19. Eigið fé

Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum er kr. 3.132.346 þúsund. Allt hlutfé hefur verið innborgað. Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Í upphafi ársins var hlutfé félagsins kr. 8.253.594 þúsund.

Varasjóðir

Varasjóðir samanstanda af bundnum eiginfjárreikningi vegna hlutdeildar í afkomu hlutdeildarféлага, varasjóð vegna kaupréttarsamninga og lögbundnum varasjóði.

Samkvæmt 41. gr. ársreikningalaga ber félögum að færa hlutdeild í rekstri dótturféлага og hlutdeildarféлага umfram því sem nemur mótteknum arði eða þeim arði sem ákveðið hefur verið að úthluta, á bundinn reikning meðal eigin fjár.

Platínum Nova hf., móðurfélag Nova hf. var með kaupréttaráætlun þar sem lykilstarfsmönnum félagsins er gert kleift að kaupa hlutabréf í móðurfélaginu. Sjá nánar í skýringu 24.

Fært er í lögbundinn varasjóð samkvæmt íslenskum hlutfélagalögum.

Varasjóðir greinast þannig:

	Bundinn hlutd- reikningur	Kaupréttar varasjóður	Lögbundinn varasjóður	Samtals
2021				
Staða 1. janúar 2021.....	0	55.103	59.806	114.909
Hlutdeild í afkomu dótturfélags, umfram móteknar arðgreiðslur.....	957.500			957.500
Lagt í lögbundinn varasjóð.....			145.070	145.070
Áfallinn kostn. kaupréttarsamninga (skýring 22).....		173.304		173.304
Nýttir kaupréttarsamningar.....		(228.407)		(228.407)
	957.500	0	204.876	1.162.376
2020				
Staða 1. janúar 2020.....	0	38.113	21.169	59.282
Lagt í lögbundinn varasjóð.....			38.637	38.637
Áfallinn kostnaður kaupréttarsamninga.....		18.338		18.338
Ónýttir kaupréttarsamningar.....		(1.348)		(1.348)
	0	55.103	59.806	114.909

Skýringar

20. Fjárfesting í hlutdeildarfélagi og aðrar fjárfestinga

Í byrjun ársins átti samstæðan 51,33% hlut í Aur app ehf. sem er félag um greiðslulausn fyrir farsíma. Á fyrsta ársfjórðungi 2021, seldi samstæðan öll sín hlutabréf í Aur app ehf., kaupandinn var Kvika banki hf. Söluhagnaður í rekstrarreikningi vegna þessara viðskipta er kr 250.331 þúsund.

	Eignarhlutur	Flokkun	Áhrif á rekstur	Bókfært verð
Aur app ehf.	0,00%	Fyrrum hlutd.f.	250.331	0
Hið Íslenska Númeraflutningsfélag ehf. (HÍN)	16,67%	Annað	0	2.596
Heildarfjárfesting í hlutdeildarfélagi og öðrum fjárfestingum				2.596

21. Tengdir aðilar

Samstæðan er í eigu ellefu hluthafa. Nova Acquisition Holding ehf. er síðan meirihlutaeigandi samstæðunnar.

Tengdir aðilar samstæðunnar eru hluthafar með veruleg áhrif, félag í samrekstri, stjórnarmenn og stjórnendur. Viðskipti við tengda aðila eru óveruleg og afmarkast við fjarskiptaþjónustu. Viðskiptin eru verðlögð á armslengdargrundvelli.

	2021	2020
<i>Staða lána til tengdra aðila í lok árs</i>		
Langtímalán til hlutdeildarfélags	0	99.353
Næsta árs afborgun láns til tengdra aðila	0	(99.353)
	0	0
<i>Staða viðskiptakrafana á tengda aðila í lok árs</i>		
Tengdir aðilar	0	72
Hlutdeildarfélag	0	16.397
Hlutdeildarfélag, niðurfærsla	0	(16.397)
	0	72
<i>Milliviðskipti á árinu</i>		
Tengdir aðilar - sala	0	1.212
Hlutdeildarfélag - sala	0	6.082
Hlutdeildarfélag - vaxtatekjur	0	6.149

Upplýsingar um laun og hlunnindi til stjórnar og framkvæmdastjóra eru birt í skýringum 3 og 24.

22. Þóknun til endurskoðanda

	2021	2020
Þóknun endurskoðanda vegna endurskoðunar ársreiknings sundurliðast þannig:		
Endurskoðun ársreiknings	10.837	8.231
Önnur þjónusta	11.166	10.330
	22.003	18.561

Skýringar

23. Fjármálagæringar

Eiginfjárstýring

Eiginfjárstýring félagsins miðast við að tryggja að rekstrarhæfi sé ekki ógnað á sama tíma og leitast er eftir að hámarka ávöxtun hluthafa með sem hagkvæmstu samsetningu skulda og eiginfjár. Heildarstefnumörkun félagsins er óbreytt frá árinu 2020.

Flokkun fjármálagæringa	2021	2020
Eignir		
Handbært fé og bankainnstæður	2.178.878	195.461
Viðskiptakröfur	1.044.223	1.155.830
Kröfur á tengda aðila	0	72
Aðrar kröfur	1.689.882	175.783
	<u>4.912.983</u>	<u>1.527.146</u>
Skuldir		
Viðskiptaskuldir	(765.170)	(659.787)
Langtímaskuldir	(7.084.600)	(6.120.995)
Fjármögnunar þáttur vegna sölu óvirkra fjarskiptainviða (sjá skýringu 11)	(2.537.813)	0
Aðrar skuldir	(2.073.564)	(819.665)
	<u>(12.461.147)</u>	<u>(7.600.447)</u>

Markmið fjárhagslegrar áhættustýringar

Fjárstýring samstæðunnar fylgist með og stýrir fjárhagslegri áhættu sem tengist starfsemi samstæðunnar með innri áhættuskýrslum þar sem áhættusnið og umfang áhættu eru greind. Þessar áhættur innfela markaðsáhættu, útlánaáhættu og lausafjáraáhættu.

Markaðsáhætta

Vaxtaáhætta

Samstæðan stendur frammi fyrir vaxtaáhættu vegna þess það tekur lán á föstum og breytilegum vöxtum. Samstæðan stýrir þeirri áhættu með því að viðhalda viðeigandi samsetningu á lánnum á annarsvegar föstum og hinsvegar breytilegum vöxtum. Nánari upplýsingar um vaxtaáhættu samstæðunnar vegna fjáreigna og fjárskulda er að finna í kafla um lausafjáraáhættu í þessari skýringu.

Lántökur samstæðunnar eru að stærstum hluta með breytilegum vöxtum. Hækkun á vöxtum á uppgjörsdegi um eitt prósentustig á árinu 2021 hefði lækkað afkomu samstæðunnar fyrir tekjuskatt um kr. 71.616 þúsund. Útreikningurinn miðast við rekstraráhrif á ársgrundvelli. Þessi greining byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega gengi gjaldmiðla, haldist óbreyttar.

Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta felst í hættunni á að félagið lendi í vandræðum með að standa í skilum við skuldbindingar sínar tengdar fjárskuldum. Félagið stýrir lausafjáraáhættu sinni með því að eiga fullnægjandi varasjóði, aðgang að lánalínum, með stöðugri skoðun á áætlðuð sjóðstreymi og raunverulegu sjóðstreymi og með því að hafa jafnvægi milli fjáreigna og fjárskulda hvað varðar gjalddaga.

Eftirstöðvagreiðing á fjárskuldum félagsins, sem ekki eru afleiður, kemur fram í eftirfarandi töflum. Töflunar sýna ónúvirt framtíðarsjóðstreymi fjárskulda og væntar vaxtagreiðslur miðað við fyrsta dag sem samstæðunni gæti verið gert að greiða.

31. desember 2021

	Vegið meðaltal virkra vaxta	Samningsbundið sjóðstreymi	Innan 1 árs	1-3 ár	Eftir meira en 3 ár
Skammtímaskuldir		4.189.525	4.189.525	0	0
Leiguskuldbindingar	7,18-9,93%	13.562.725	472.316	1.333.765	11.756.645
Fjármögnunarþáttur	2,35%	3.943.403	98.700	296.100	3.548.603
Lántökur	6,78%	9.857.392	824.163	2.241.493	6.791.736
		<u>31.553.045</u>	<u>5.584.704</u>	<u>3.871.358</u>	<u>22.096.984</u>

Framtíðarsjóðstreymi fjárskulda og væntar vaxtagreiðslur í neðangreindri töflu eru byggðar á stöðu lána og skulda í árslok 2020.

Skýringar

31. desember 2020

	Vegið meðaltal virkra vaxta	Samnings- bundið sjóðs- streymi	Innan 1 árs	1-3 ár	Eftir meira en 3 ár
Skammtímaskuldir		1.700.711	1.700.711	0	0
Aðrar skuldir	5,50%	105.800	105.800	0	0
Leiguskuldbindingar	7,18-9,93%	2.063.776	215.021	571.194	1.277.561
Lántökur	4,80%	7.266.133	684.800	1.939.200	4.642.133
		11.136.420	2.706.332	2.510.394	5.919.694

Gangvirði fjármálagerninga

Eftirfarandi tafla inniheldur bókfært heildarverð lánasamninga sem færðir eru í samstæðureikningi miðað við gangvirði þeirra. Gangvirði, sem er ákvarðað í upplýsingaskyni, er reiknað út frá núvirði framtíðarfjárflæðis höfuðstóls og vaxta, núvirt á markaðsvöxtum á uppgjörsgæði. Bókfært verð allra annarra fjáreigna og fjárskulda er hæfileg nálgun á gangvirði.

	2021		2020	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	7.084.600	7.084.600	6.120.995	6.120.995

Útlánaáhætta

Útlánaáhætta er hættan á að mótaðili standi ekki við samningsbundnar skyldur sínar og það leiði til fjárhagslegs taps fyrir félagið. Lánsáhætta félagsins kemur einkum til vegna viðskiptakrafna. Útlánaáhættu er stýrt með mánaðarlegum greiningum á vanskilum viðskiptavina og með athugun á lánsþæfismati nýrra viðskiptavina. Upplýsingar um aðferðir félagsins við mat á væntu útlánatapi er að finna í skýringu 14.

Hámarksútlánaáhætta félagsins er bókfært verð fjáreigna sem greint er frá að framan, samanber „Flokkun fjármálagerninga“.

Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan á í viðskiptum í erlendum gjaldmiðlum sem hefur í för með sér gjaldmiðlagengisáhættu. Bókfært verð peningalegra eigna og skulda samstæðunnar í erlendri mynt í lok reikningsskilatímabilsins er sem hér segir:

	Hrein gjaldmiðlastaða	
	2021	2020
Evra	69.854	149.726
Bandaríkjadólar	(9.778)	8.023
Aðrir gjaldmiðlar	23.677	55.184
	83.754	212.933

Eftirfarandi tafla sýnir hvaða áhrif 10% styrking viðeigandi erlends gjaldmiðils gagnvart íslenskrí krónu myndi hafa á rekstrarreikning og eigið fé. Þær eignir og skuldir í erlendri mynt sem fram koma í næmnigreiningunni eru einkum skammtímaskuldir og kröfur. Greiningin byggir á þeirri forsendu að fjárhæðir á reikningsskiladegi væru útistandandi allt árið. Greiningin miðar við að allar aðrar breytur en viðeigandi gjaldmiðlagengi séu óbreyttar. Næmnigreiningin tekur ekki tillit til skattalegra áhrifa. Jákvæð fjárhæð merkir hækkun hagnaðar og annars eiginfjár. Lækkun á gengi viðeigandi erlends gjaldmiðils myndi hafa öfug áhrif á rekstrarreikning og eigið fé.

	Áhrif á rekstur og eigið fé	
	2021	2020
Evra	(6.985)	(14.973)
Bandaríkjadólar	978	(802)
Aðrir gjaldmiðlar	(2.368)	(5.518)
	(8.375)	(21.293)

24. Kaupréttir

Platinum Nova hf. var með kaupréttaráætlun þar sem lykilstarfsmönnum dótturfélagsins Nova hf. er gert kleift að kaupa hlutabréf í móðurfélaginu. Kaupréttaráætluninni var lokað á árinu og starfsmenn nýttu kauprétt sinn að fullu.

Eftirfarandi kaupréttarsamningar voru nýttir á árinu:

	Lokunar dagur	Lokunar verð	Gangverð á lokunar degi
Veittir árið 2017 (556.875 þúsund hlutir)	16.12.2021	1,00	228.407

Kostnaður vegna nýtingar kaupréttar að upphæð kr. 173,3 milljónir færð í rekstrarreikning ársins (2020: 18,3 milljónir).

Skýringar

25. Sala og endurleiga á óvirkum fjarskiptainviðum

Þann 14. desember 2021 lokaði samstæðan samningi frá 31. mars 2021 við bandaríska innviðafyrirtækið DigitalBridge Group Inc. um sölu og endurleigu á óvirkum fjarskiptainviðum. Þetta innifelur eignir sem samstæðan hefur smíðað og leigusamningar sem samanlagt mynda aðstöðu fyrir virku fjarskiptaeignirnar. Á undirritunardegi voru 167 eignir fluttar frá samstæðunni til Íslandsturna ehf., dótturfélags DigitalBridge Inc. Seldar eignir voru fram að undirritunardegi flokkaðar á efnahagsreikning samstæðunnar sem rekstrarfjármunir og leigueignir. Heildarverðmæti samningsins nam 5.285,5 milljónum króna og hefur að fullu verið greiddur.

Samhliða sölu og yfirfærslu eignanna frá samstæðunni til Íslandsturna ehf. var undirritaður langtímaleigusamningur sem nær til 40 ára. Samningurinn er óuppsegjanlegur og eru leigugreiðslur verðtryggðar með vísitölu neysluverðs. Þar sem um sölu og endurleigu er að ræða hefur samstæðan samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) fært hluta sem söluhagnað og hluta hefur verið frestað. Við ákvörðun um færðan hagnað mátu stjórnendur sanngjarnt verð seldra eigna. Að þeirra mati nemur gangvirði 2,9 milljörðum króna. Miðað við bókfært virði seldra eigna og skuldbindingu um endurleigu nemur bókfærður söluhagnaður samtals 899,4 milljónum króna.

Afgangur af móttækinni greiðslu er færður til skuldar í efnahagsreikningi samstæðunnar, miðað við eðli samningsins telst það fjármögnunarpáttur. Fjárhæð skuldarinnar hefur verið reiknuð út frá áætlun stjórnenda á vaxtakjörum á samningstímabilinu og er núvirði hennar fært sem skuld í efnahagsreikning samstæðunnar að fjárhæð 2,5 milljarðar króna. Auk þess hefur hluti greiðslunnar verið flokkaður sem fyrirframgreiðsla sem endurspeglar rekstrarkostnað yfirfærðra eigna, að fjárhæð 174,3 milljónir króna. Fjárhæðin er færð sem eign í efnahagsreikningi samstæðunnar og verður gjaldfærð árlega á samningstímanum.

Samhliða sölu og endurleigu á eignum samstæðunnar leigir samstæðan 196 eignir til viðbótar af Íslandsturnum ehf. sem hafa áhrif á afnotarétt og leiguskuldir í efnahagsreikningi. Heildaráhrif á afnotarétt og leiguskuld nema 2,3 milljörðum króna.

Megin áhrif á rekstrarreikning og efnahagsreikning greinast þannig:

Heildar virði samningsins greinist eftirfarandi:

Verðmæti seldra sendastaða.....	2.920.200
Aðrar skuldir, fjármögnunarpáttur.....	2.539.585
Uppsafnaður rekstrarkostnaður vegna samkomulags á tímabilinu.....	(174.279)
Heildar virði samningsins:	5.285.506

Færður hagnaður greinist eftirfarandi:

Gangvirði seldra eigna.....	2.920.200
Hækkun leiguskuldbindingar vegna sölu og endurleigu.....	(2.303.298)
	616.903
Færður hagnaður vegna afskráðra eigna.....	282.451
Færður hagnaður:	899.354

Viðbætur á leiguskuldbindingu og leigueignum (nýtingarrétti)

Nýtingarréttur eigna:

Áður leigðar eignir.....	277.758
Nýjar leigðar eignir.....	2.317.628
Viðbætur við leigueignir (nýtingarrétt):	2.595.386

Leiguskuldbindingar:

Skuldbinding tengd áður leigðum eignum.....	2.303.298
Skuldbinding vegna nýrra leigðra eigna.....	2.317.628
Viðbætur við leiguskuldbindingar:	4.620.926

Í árslok var virðisaukaskattur að fjárhæð 1.266,8 milljónir vegna sölu eignanna útstandandi og er hann flokkaður með öðrum skuldum. Sama upphæð var útstandandi frá kaupanda og er flokkuð sem aðrar kröfur.

Ófjárhagslegar upplýsingar (Óendurskoðað)

UFS skýrsla

Nova ❤️ **Allskonar**

Með áherslu á samfélagslega ábyrgð og að hafa jákvæð áhrif, hefur Nova alla tíð stutt við málefni andlegrar heilsu og einnig verið stoltur stuðningsaðili íslenskrar tónlistar og íslenskrar nýsköpunar frá upphafi.

Nova hefur ennfremur hafið vegferð sína við að reikna út umhverfisfótspor fyrirtækisins og vinnur að metnaðarfullum markmiðum til framtíðar um jákvætt (net positive) fótspor fyrirtækisins, í sinni víðustu skilgreiningu.

Nova ❤️ **Tónlist**

Frá upphafi hefur Nova stutt við íslenska tónlist og fólkíð sem býr hana til.

Í gegnum árin hafa verið haldnir magnaðir viðburðir og ótal tónleikar þar sem bæði reynslumikið listafólk hefur komið fram. Fjöldinn allur af ungu og upprennandi tónlistarfólki hefur stigið sín fyrstu skref á Nova sviðinu. Þá kynnir Nova tónlistarmann mánaðarins í hverjum mánuði í von um að koma nýju og upprennandi tónlistarfólki á framfæri.

Nova býður upp á Vinatóna en þar geta viðskiptavinir nálgast úrval af íslenskum hringitönnum án endurgjalds. Árið 2020 varð Nova aðalstyrktaraðili og samstarfsaðili Íslensku tónlistarverðlaunanna. Innsendingargjöld voru felld niður sem leiddi til þess að metfjöldi innsendinga barst til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2021.

Nova ❤️ **Náttúruna**

Nova stendur framarlega í umhverfisvernd og stuðlar að umhverfissvænni endurvinnslu á raftækjum.

Árið 2019 var „Endurgæddu“ sett á laggirnar en það er framtak sem stuðlar að því að koma raftækjum sem ekki eru lengur í notkun í endurvinnslu. Framtakið hefur vakið mikla athygli enda græða viðskiptavinir á því að koma með gömlu símana og spjaldtölvurnar í endurvinnslu gegn því að fá inneignarnótu sem hægt er að nota í verslunum Nova

Í öllum verslunum og skrifstofuhúsnæði Nova er flokkað með það að markmiði að engu sé fargað og frá upphafi hefur Nova einungis boðið upp á pappírslausa reikninga. Að auki hefur Nova stutt við starfsfólk sem kys umhverfissvæna ferðamáta til að komast í og úr vinnu.

Einnig kolefnisjafnar Nova reksturinn með Vottlendissjóði en árið 2021 batt Nova 250 heil tonn af koltvísýringi.

Nova ❤️ **Fólk**

Nova býður öllu starfsfólki tækifæri til að vaxa í starfi og þróa sína hæfileika, óháð kyni, kynþætti eða kynhneigð.

Nova er einnig stolt af því að hafa innleitt jafnlaunavottun árið 2019 í takt við ÍST 85 staðalinn. Þetta er þróun sem er viðhaldið daglega og er í sífelldri endurskoðun.

Margt af okkar starfsfólki er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og er Nova því fyrsti vinnustaður þeirra. Við viljum setja gott fordæmi og leggjum því áherslu á að starfsþjálfun og fyrstu kynni starfsfólks okkar af vinnumarkaði séu jákvæð. Nova skólinn er tól sem hefur gefið góða raun, en það er tveggja vikna starfsþjálfun sem felst í því að nýir starfsmenn fræðist um fyrirtækið, kúltúrinn, starfsemi þess og þeirra réttindi og skyldur. Við framkvæmum reglulega vinnustaðarannsókn yfir árið þar sem við rýnum í vinnuumhverfið, starfsandann og þær spurningar sem kunna að vakna hjá hverjum og einum. Þá bjóðum við starfsfólki einnig upp á ýmsar upptökur yfir árið líkt og fræðslufundi og erindi til að stuðla enn frekar að heilsu þeirra og velferð.

Í anda samfélagslegrar ábyrgðar hefur Nova deilt ýmsum gagnlegum upplýsingum með fagfólki og háskólum á Íslandi.

Nova hefur verið útnefnt „Fyrirmyndarfyrirtæki VR“ allt frá stofnun. Að auki hlaut Nova útnefninguna „Fyrirtæki ársins“ árin 2020 og 2021 þar sem starfsánægja starfsfólks fyrirtækisins mældist í hæstu hæðum. Könnun VR er stærsta vinnumarkaðsrannsókn á Íslandi þar sem viðhorf starfsfólks til vinnustaða er kannað ítarlega.

Ófjárhagslegar upplýsingar (Óendurskoðað)

UFS skýrsla

Nova ❤️ **Nýsköpun**

Nova er dyggur stuðningsaðili frumkvöðlastarfsemi á Íslandi og hefur verið það frá stofnun fyrirtækisins.

Nýsköpun er hluti af okkar DNA, hvort sem það er í vöruframboði, vinnustaðamenningu eða markaðssetningu. Við viljum styðja við bakið á frumkvöðlum og nýsköpunarfyrirtækjum með öllum þeim leiðum sem okkur eru færar.

Nova hefur verið bakhjarl Gulleggsins, nýsköpunarhraðals sem stuðlar að því að þátttakendur fái fjárhagslegan stuðning og fræðslu til að þróa sínar hugmyndir, vörur og þjónustu.

Árið 2020 kynnti Nova til leiks Startup SuperNova, stærsta nýsköpunarhraðal landsins. Þátttakendur fá fræðslu og þjálfun við að þróa viðskiptahugmyndina sína og fá einnig aðgang að hópi leiðandi sérfræðinga sem gefa góð ráð og styðja við þátttakendur, en þar á meðal eru reyndir frumkvöðlar og fjárfestar. Hraðallinn stendur yfir í 10 vikur og í lok ferlisins eru hugmyndir kynntar fyrir vænlegum fjárfestum. Hraðallinn er studdur af Klak (áður Icelandic Startups). Hraðallinn sjálfur fjárfestir ekki í verkefnum en styður hins vegar hvert þeirra með einni milljón íslenskra króna. Startup SuperNova hefur stutt við fjölda spennandi verkefna undanfarin tvö ár og er undirbúningur fyrir árið 2022 kominn vel á veg.

Startup SuperNova: <https://www.nova.is/hradleid/startupsupernova>

Nova ❤️ **Geðrækt**

Árið 2020 hóf Nova vegferð sína í átt að andlegri velferð og vellíðan og gerði það undir nafninu „Geðrækt“. Farsíminn og internetið eru nauðsynleg tæki á stafrænum tímum en óhófleg notkun getur átt sér dimmari hliðar, eins og svo margt annað. Snjallsímar eiga nefnilega að einfalda okkur lífið og gera það skemmtilegra, en þeir eiga ekki að taka það yfir! Í þessari stefnubreytingu var fókusinn settur á að vekja athygli á þessum neikvæðu hliðum en áskorunin var að gera það á „Novalegan“ hátt. Til að byrja með tók Nova þátt í að rannsaka skjafíkn og áhrif samfélagsmiðla á andlega líðan. Niðurstöður rannsóknarinnar voru færðar Huguinu, geðfræðslufélagi á vegum Háskóla Íslands.

Samhliða þessu verkefni hóf Nova herferð sem bar nafnið „Vertu á staðnum“ þar sem fólk var hvatt til að staldra við, lífta upp af skjánum, slökva á netinu og njóta þess sem lífið og raunveruleikinn hefur upp á að bjóða.

Spjallspjöld voru afhent á veitingastöðum þar sem fólk gat lagt frá sér símana, spjallað og kynnst hvort öðru á gamla góða mátann. Vekjaraklukkan fylgdu með öllum keyptum farsímum svo fólk gæti minnkað áreitnið, sleppt því að hafa símana á náttborðunum og notið betri nætursvefns.

Verslunum Nova var lokað á sunnudögum, enda eru sunnudagar „LOGGÁT“ dagar og við hvöttum starfsfólk og viðskiptavinum til að njóta dagsins með sínu fólki.

Herferðin „Allir Úr“ hvatti fólk til að skilja símann eftir heima. Við kynntum til leiks nettengd snjallúr með Úrlausn hjá Nova sem er frábær leið til að minnka skjátíma og rauðu tilkynningadeplana, en hafa samt möguleikann á að hringja og taka á móti símtölum þegar nauðsyn krefur. Auglýsingin var um leið ádeila á óraunhæfar staðalímyndir sem birtast okkur á skjánum og við hrópuðum húrri fyrir líkamsvirðingu. Fólk af öllum stærðum og gerðum kom nakið fram og sýndi fram á að við höfum ekkert til að skammast okkar fyrir og ekkert að fela. Allir úr!

Nú síðast kom út herferðin „Þú fyrir þig“ þar sem áherslan var lögð á sjálfsást og mikilvægi þess að elska sig nákvæmlega eins og hver og einn kemur fyrir. Sjálfsvirðing er nefnilega ekki sjálfsögð. Það þarf að rækta hana og viðhalda henni. Þú ert eini aðilinn sem fylgir þér út lífið svo gefðu þér tíma til að kynnst þér. Njóttu lífsins og elskaðu þig. Fyrir þig. Samhliða þessari herferð bauð Nova upp á 2 fyrir 1 tilboð af sálfræðiþjónustu í gegnum netið á áður ósæðu verði og þjónustan var aðgengileg öllum, alls staðar á landinu.

Ófjárhagslegar upplýsingar (Óendurskoðað)

Stjórnarhættir

Nova hf er íslenskt hlutafélag og starfar eftir lögum um íslensk hlutafélög og stefnir á að starfa einnig eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Nasdaq Iceland, 6. útgáfa gefin út 2. febrúar 2021

Stjórn félagsins samanstendur af 5 einstaklingum, þremur körlum og tveimur konum. Stjórnin er kosin af hluthöfum á aðalfundi ár hvert. Eftirfarandi stjórnarmenn voru kosnir á hluthafafundi sem haldin var 25. janúar 2022 þar til á næsta hluthafafundi sem haldin verður 5. apríl 2022

Hugh S. Short, stjórnarformaður, er meðstofnandi og forstjóri Pt Capital, fjárfestingafélags frá Alaska með eignir í norður Ameríku og Evrópu. Hugh stýrir uppbyggingu eignasafnsins, fjáröflun og stækkun inn á nýja markaði. Áður var Hugh forseti og forstjóri Alaska Growth Capital BIDCO, Inc., dótturfélag Arctic Slope Regional Corporation. Hugh var einnig Borgarstjóri Bethel í Alaska frá 2002-2004 og stjórnarmaður Rural Energy Enterprises. Hugh sem á ættir að rekja til Inupiaq sem eru frumbyggjar Alaska er einnig hluthafi í fjórum fyrirtækjum þeirra. Hugh er með B.s. í stjórnmálafræði frá Alaska Anchorage háskólanum og stundaði nám við Pepperdine Graziadio School of Business.

Gisli Valur Guðjónsson, stjórnarmaður er fjárfestir og framkvæmdastjóri Ísafold Capital Partner og sjóðsstjóri MF1 og MF2. Áður hefur hann einnig verið við hin ýmsu störf hjá Glitni, Íslandsbanka, Straum-Burðarás, ALMC og Straumur fjárfestingabanka. Gísli er með Mastergráðu í Hagfræði frá Karlsruhe Institute of Technology.

Hrund Rudolfsdóttir, stjórnarmaður er með reynslu sem stjórnarmaður frá mörgum skráðum félögum, fjármálastofnunum og félögum í einkaeigu. Hrund er forstjóri Veritas ehf og áður framkvæmdastjóri starfspróunar hjá Marel hf of forstjóri Lyf og Heilsu hf. Hrund er með Mastergráðu í Alþjóðaviðskiptum frá Copenhagen Business School.

Kevin Payne, stjórnarmaður er varforseti Pt. Capital stjórnar fjárfestingaferlum og rekstri eignasafns. Áður starfaði Kevin við fjárfestingalán hjá JPMorgan Chase og stjórnun eignasafns hjá SunTrust Robinson Humphrey. Kevin er löggiltur fjármálafræðingur og með Mastersgráðu í Hagfræði frá Clemson University.

Tina Pidgeon, stjórnarmaður er með yfir 25 ára reynslu af fjarskipta- og breiðbandsstefnum, reglugerðum og stjórnun. Tina er með mikla reynslu í stefnumótun á norðurslóðum og og uppsetningu breiðbandsinnviða. Tina starfar sem sjálfstæður ráðgjafi í stefnumón. Áður var hún varforseti hjá Viðskiptaráði, ráðgjafi og regluvörður hjá General Communication (GCI). Tina útskrifaðist frá Háskólanum Virginia School of Law og Háskólanum Notre Dame.

Stjórnin hittist fjórum sinnum á ári, og á netfundum einu sinni í mánuði eða oftar, fundargerðir ritar fjármálastjóri Nova. Stjórnarmenn hafa aðgang að öruggu svæði á netinu með öllum stjórnargögnum, fundargerðum, mánaðarskýrslum og öðru.

Í hverjum mánuði er gerð ítarleg mánaðarskýrsla með lykiltölum – fyrri part mánaðarins kemur skýrsla yfir tekjur og sölutölur, seinna í mánuðinum kemur ítarlegri skýrsla með lykiltölum úr rekstri. Markaðsviðmiðunarskýrsla er unnin ársfjórðungslega.

Endurskoðunarnefndin er undinefnd stjórnar. Meginskylda nefndarinnar er að fara yfir allar fjárhagslegar upplýsingar og verklagsreglur varðandi upplýsingagjöf frá stjórnendum og óháðum endurskoðendum félagsins. Jafnframt að tryggja að endurskoðendur félagsins eru óháðir. Í Endurskoðunarnefndinni eru Alexander G. Edvardson, Tine Pedgeon og Heimir Örn Herbertsson allir í nefndinni eru óháðir félaginu, endurskoðendum og hluthöfum.

Starfsmenn Nova eru með fjölbreyttan bakgrunn, hæfileika og reynslu. Nova er jafnlaunavottaður vinnustaður sem leggur mikið upp úr góður og réttlátu vinnuumhverfi. Nova er fyrirmynd þegar kemur að jákvæðri vinnustaðamenningu sem er afrakstur ráðninga, þjálfunar og hvatningar sem Nova hefur þróað í áráðir

Framkvæmdastjórnin samantendur af 5 aðilum, tveimur konum og þremur karlmönnum. Forstjóri, Fjármálastjóri, Framkvæmdastjóri Tæknisviðs, Framkvæmdastjóri Stafrænnar þróunnar og Framkvæmdastjóri Sölu og þjónustu.

Forstjóri heyrir beint undir stjórn og er ábyrgur fyrir innra eftirliti og áhættustjórnun í tengslum við fjárhagsuppgjör og rekstur fyrirtækisins. Framkvæmdastjórn fundar reglulega með forstjóra til að fara yfir, ræða og stjórna þeim áhættum sem fyrirtækið gæti staðið frammi fyrir.